

Anna Sigga



Elín Sigríður



Erla



Rut



Stefán

# FYLGSTU MEÐ LANDSNETI Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

# Dagskrá

- 16:15 - Kynningar
  - Rut Kristinsdóttir – Umhverfismat
  - Anna Sigga Lúðvíksdóttir – Verkefnið/Upprifjun
  - Stefán Gunnar Thors – Vinnustofan
- 16:50 - Vinnustofa hefst
- 17:30 - Kaffi
- 17:45 - Vinnustofa framhald
- 18:30 Almennar umræður

# HOLTAVÖRÐUHEIÐARLÍNA 3

## Valkostir og umhverfismat

Kynning á vinnustofum í janúar/febrúar 2023

Rut Kristinsdóttir. Sérfræðingur umhverfismála, Landsneti.



# Umhverfismat er ekki bara skýrslur…

## Umhverfismat er ferli þar sem:

Greind eru helstu **umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.**

Mótaðir valkostir **og mótvægisaðgerðir til að lágmarka umhverfisáhrif.**

Upplýst er um **framkvæmdina** og hún mótuð áfram í samráði við samfélagið.

Stefnt að **endanlegri niðurstöðu sem skilar framkvæmd sem uppfyllir markmið framkvæmdar með sem minnstum umhverfisáhrifum.**

**Umhverfismatið er forsenda þess að sveitarfélög (og aðrir leyfisveitendur) geti tekið upplýsta ákvörðun** um **útgáfu leyfa.**





# Ferill mats á umhverfisáhrifum



# Hvernig mótast valkostir?



1. Allar hugmyndir valkosta teknar saman í byrjun



2. Farið yfir kosti og galla valkosta og umhverfislegan ávinning.  Vinsun valkosta.




3. Á matsáætlunarstigi er greint frá hvaða valkosti Landsnet hyggst meta í umhverfismatinu.




4. Í umhverfismatsskýrslu lagður fram aðalvalkostur Landsnets

# Hvaða hugmyndir geta komið til umræðu?

- Línuleiðir
- Mastragerðir
- Möguleikar á jarðstrengjum?

- Annað…. og fleira….?










# Hvenær verður hugmynd að valkosti?

**Það sem helst hefur áhrif við vinsun valkostahugmynda er:**

- Staðsetning með tilliti til náttúrufarslegra þátta, sem skapað geta takmarkanir á línuleið.
- Samræmi við markmið framkvæmdar.
- Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.
  - Almenn atriði er varða flutningskerfi raforku
  - Viðmið og meginreglur varðandi lagningu raflína
- Samræmi við aðra stefnumörkun.
- Tækni- og kerfislegar takmarkanir (m.a. á lagningu jarðstrengja).
- Merkjanlegur ávinningur leiðarinnar, umfram aðrar leiðir.



# Hverju skilar valkostagreining?

## Sumar hugmyndir eru vinsaðar frá og ekki lagðar fram til mats.




- Fyrir liggur að hugmyndin hefur verið skoðuð.
- Fyrir liggur rökstuðningur hvers vegna hugmyndin ekki tekin áfram.

## Sumar hugmyndir verða að valkostum sem verða metnir í umhverfismatinu.

- Mestu máli skiptir að vinna áfram með hugmyndir sem virðast geta haft augljósan ávinning.
- Samanburður valkosta í umhverfismati dregur skýrar fram umhverfisáhrif þeirra.
- Leggur grunn að vel ígrunduðum aðalvalkosti.

# Frá valkostahugmynd að aðalvalkosti

## HUGMYNDAVINNA

**Valkostahugmyndum** safnað saman á vinnustofum.

## VALKOSTAGREINING

Nánari greining valkostahugmynda á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Vinsun valkosta.

## MATSÁÆTLUN

**Tillögur að valkostum** lagðar fram ásamt rannsókna- og matsáætlun.

## UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Samanburður á umhverfisáhrifum valkosta á grunni sérfræðirannsókna. **Aðalvalkostur** lagður fram.





# Framkvæmdin

## Yfirferð og upprifjun

Anna Sigga Lúðvíksdóttir
Verkefnastjóri

# Ný kynslóð byggðarlínu

- Fyrsti hluti nýrrar kynslóðar byggðalínu – 10 ára langtímaáætlun
- Framkvæmdir við fyrsta hluta uppbyggingu byggðalínunnar:
  - Kröflulína 3 – komin í rekstur
  - Hólasandslína 3 – komin í rekstur
  - Blöndulína 3 – Umhverfismati lokið, beðið eftir áliti Skipulagsstofnunar
  - Holtavörðuheiðarlína 1 – Umhverfismat framkvæmda í vinnslu
  - Holtavörðuheiðarlína 3 – Undirbúningur á umhverfismati í gangi
    - 220kV loftlína milli Holtavörðuheiðar og Blöndu
- Tilgangur með framkvæmdinni er að tryggja örugga orkuafhendingu og er mikilvægur hlekkur í endurnýjun á núverandi byggðalínu

# Tiltæk afhendingargeta eftir styrkingu

- Rauðu línurnar í dag: Núverandi byggðalína (132 kV)
- Grænt: Ný kynslóð byggðalínu  (220 kV)
- Rauðu línunurnar í framtíðinni: Sterkara svæðisbundið kerfi (132 kV) eftir styrkingu
- Hrútatunga: 70-150 MW (í dag: 0)
- Laxárvatn 70-150 MW (í dag: 0)



# Núverandi staða



# Tiltæk afhendingargeta eftir styrkingu



# Holtavörðuheiði - Blanda

- Valkostur A: 85,7 km
- Valkostur B1: 79,4 km
- Valkostur B2: 82,5 km
- Valkostur C1: 84,5 km
- Valkostur D: 114,0 km
- https://holtavorduheidarlina3.netlify.app



# VINNUSTOFA UM VALKOSTI

Upphaf valkostagreiningar



# Tilgangur vinnustofu

- Fjalla um mögulega valkosti
- Draga fram mismunandi sjónarmið um valkosti
- Ræða um styrkleika og veikleika valkosta
- Afla vitneskju um staðhætti
- Styrkja vinnu umhverfismats og áframhaldandi vinnu

# Skipulag vinnustofu

*Borðstjórar*

*Kynna umræður borðs*

**Vinnustofa 1**

Skipting á vinnuborð → Rýni fyrirliggjandi valkosta | styrkleikar og veikleikar → Samantekt á umræðu → Tillögur að nýjum valkostum | styrkleikar og veikleikar → Samantekt á umræðu

Þátttakendur geta spurt Önnu Siggu, Elínu og borðstjóra

**Vinnustofa 2 (febrúar)**

Yfirferð á samanburði valkosta → Forgangsröðun á valkostum sem fara í umhverfismat → Valkostir í tillögu að matsáætlun

# Skipulag vinnustofu | fyrir kaffi

1. Hvert og eitt skráir styrkleika/veikleika valkosta.
   - Eitt atriði – einn miði




10 mínútur

2. Umfjöllun á borði
   - Ræða styrkleika/veikleika
   - Bíða með útfærslur á valkostum (eftir kaffi)
   - Eru atriði sem borð er sammála um / eða ósammála um

30 mínútur

3. Samantekt **borðanna**
   - Hvert borð kynnir helstu umfjöllun um styrkleika og veikleika og merkir inn á yfirlit




5 mínútur

# Skipulag vinnustofu | eftir kaffi

1. **Hvert og eitt** skráir hugmyndir að **nýjum valkosti / útfærslu** og **staðhætti.**
   - Eitt atriði – einn miði




2. **Umfjöllun** á borði
   - Ræða styrkleika/veikleika
   - Eru staðhættir sem þarf að nefna sérstaklega







3. Samantekt **borðanna**
   - Hvert borð kynnir helstu umfjöllun um styrkleika og veikleika og merkir inn á yfirlit



| Valkostir | Styrkleikar | Veikleikar |
|---|---|---|
| Valkostur 1 | | |
| Valkostur A3 | | |
| Valkostur Dúi | | |
| Valkostur Sól | | |
| Valkostur 4 | | |

Holtavörðuheiðarlína 3 | Vinnustofa janúar 2023 LANDSNET



10 mínútur

30 mínútur

5 mínútur

# Hvað gerist svo?

- Farið yfir allar hugmyndir, styrkleika og veikleika valkosta
- Allt skráð niður og verður hluti af valkostaskýrslu
- Samanburður á valkostum skv. vægismati (kynnt á næsta fundi)
- Drög að niðurstöðu samanburðar kynnt á næstu vinnustofu
- Valkostaskýrsla

**Vinnustofa 2**

Yfirferð á samanburði valkosta → Forgangsröðun á valkostum sem fara í umhverfismat → Valkostir í tillögu að matsáætlun

# Hvað gerist svo?

**Valkostur A**

## Umhverfi

| **Flokkur** | **Forsendur** | 1 | 3 | 5 |
|---|---|---|---|---|
| Verndarsvæði | | | | |
| Náttúruminjaskrá (A-hluti) | *Fer valkostur svæði á A-hluta náttúruminjaskrár?* | Valkostur fer um svæði á A-hluta náttúruminjaskrá | Valkostur fer í minna en 5 km fjarlægð frá svæði á A- hluta náttúruminjaskrár | Valkostur fer ekki um svæði á A-hluta náttúruminjaskrá og liggur í meira en 5 km fjarlægð |
| Náttúruminjaskrá (C-hluti) | *Fer valkostur um svæði C-hluta náttúruminjaskrár?* | Valkostur fer meira en 20 km um svæði á C-hluta náttúruminjaskrár | Valkostur fer minna en 20 km um svæði á C-hluta náttúruminjaskrár | Valkostur fer ekki um svæði á C-hluta náttúruminjaskrá |
| Vatnsvernd | *Fer valkostur um vatnsverndarsvæði?* | Valkostur fer meira en 20 km um vatnsverndarsvæði | Valkostur fer minna en 20 km um vatnsverndarsvæði | Valkostur fer ekki um vatnsverndarsvæði |

| Önnur svæði | | 1 | 3 | 5 |
|---|---|---|---|---|
| Náttúruminjaskrá (B-hluti) | *Fer valkostur um svæði sem hafa verið lögð til á B-hluta náttúruminjaskrár?* | Valkostur fer meira en 20 km um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár | Valkostur fer minna en 20 km um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár | Valkostur fer ekki um tillögur að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrá |
| IBA | *Fer valkostur um skilgreind mikilvæg fuglasvæðis?* | Valkostur fer meira en 20 km um mikilvægt fuglasvæði | Valkostur fer minna en 20 km um mikilvæg fuglasvæði | Valkostur fer ekki um svæði sem skilgreind eru sem mikilvæg fuglasvæði |
| Ramsar | *Fer valkostur um Ramsar-svæði?* | Valkostur fer meira en 20 km um Ramsar-svæði | Valkostur fer minna en 20 km um Ramsar-svæði | Valkostur fer ekki um Ramsar-svæði |

## Samfélag og verðmæti

| **Flokkur** | **Forsendur** | 1 | 3 | 5 |
|---|---|---|---|---|
| Atvinnuþróun | *Hefur valkostur áhrif á aðrar atvinnugreinar?* | Styður ekki við atvinnuuppbyggingu | Styður við áform um atvinnuuppbyggingu í landshluta | Styður við áform um atvinnuuppbyggingu í fleiri en einum landshluta |
| Ferðaþjónusta | *Hefur valkostur áhrif á ferðaþjónustu?* | Fleiri en 15 áhugaverðir staðir innan 5 km | 3-15 áhugaverðir staðir innan 5 km | Færri en 3 áhugaverðir staðir innan 5 km |
| Landbúnaður | *liggur valkostur innan landbúnaðar-lands?* | Skerðir meira en 50 ha af landbúnaðarlandi í 1. flokki | Skerðir 5-50 ha af landbúnaðarlandi í 1. flokki | Skerðir innan við 5 ha af landbúnaðarlandi í 1. flokki |
| Náttúruvá (flóð, veður, jarðhræringar) | *Hverjar eru líkur á náttúruvá innan svæðisins?* | Fer um náttúruvársvæði | Fer nærri náttúruvársvæði | Fer ekki um þekkt náttúruvársvæði |
| Eignarhald | *Fer valkostur um einkalönd eða lönd í opinberri eigu?* | Fer að stórum hluta um lönd í einkaeigu | Fer að hluta til um lönd í opinberri eigu. | Fer að stórum hluta um lönd í opinberri eigu. |

| Samræmi við áætlanir | | 1 | 3 | 5 |
|---|---|---|---|---|
| *Kerfisáætlun* | *Hvernig er samræmi við Kerfisáætlun?* | Er ekki í samræmi við kerfisáætlun | Er í samræmi við langtímaáætlun | Er í samræmi við kerfisáætlun, langtímastefnu og framvæmda-áætlun |
| *Landsskipulagsstefna* | *Liggur valkostur innan miðhálendis?* | Valkostur fer meira en 20 km um miðhálendi | Valkostur fer minna en 20 km um miðhálendi | Valkostur fer ekki um miðhálendi |
| *Aðalskipulag sveitarfélaga* | *Hvernig er samræmi við aðalskipulag?* | Er ekki í samræmi við skipulag | Er að hluta í samræmi við skipulag (stefnu, hluti legu) | Er í samræmi við skipulag (stefnu, lega, ný lína, spenna) |

